

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík



14. október 2022

Efni: Umferðaröryggisáætlun 2023-2027

Innviðaráðuneytið birti 23. september 2022 umferðaröryggisáætlun 2023-2027. Í henni eru sett fram markmið og áherslur sem miða að því að ná árangri og auka umferðaöryggi. Markmið eru þau sömu og verið hafa en við bætist markmið um að lækka slysakostnað á hvern ekinn kílómetra til þess að koma til móts við mikla aukningu í akstri. Stefnan hefur verið yfirfarin á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og vilja samtökin koma með eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Aukið umferðaröryggi er hagur alls samfélagsins

SAF vilja byrja á því að styðja efni umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda. Þar koma fram mikilvæg markmið enda er það hagur alls samfélagsins að auka umferðaröryggi með núllsýn að leiðarljósi. Þegar kemur að umferðaröryggi er gott að horfa til þeirra þriggja vídda sem nefndar eru í áætluninni; öruggari vegfaraendur, öruggari vegir og öruggari ökutæki.

Í áætluninni eru þrjú yfirmarkmið. Undirmarkmið og svo frammistöðumarkmið. Til þess að ná þessum markmiðum þá þarf öflugt eftirlit, fræðslu og forvarnir í skólum, til erlendra ferðamanna og til annarra samfélagsþegna.

Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á öruggari vegi og vilja Samtökin taka undir það mikilvægi enda er uppsöfnuð viðhaldspörf á vegakerfinu gríðarleg. Ennfremur er mikil þörf að útrýma einbreiðum brúm, sérstaklega á þjóðveigi eitt og væri skynsamlegt að tefla fram markmiðum í þeim efnum. Mikilvægi merkinga má ekki vanmeta enda eru ökumenn, sérstaklega ferðamenn, oft ekki kunningur staðháttum allra slæmra vega og einbreiðra brúa á landinu. Það væri hægt að koma í veg fyrir mörg slys með öflugri og skýrari merkingum auk lækkun á hámarkshraða í auknum mæli.

Samtökin vonast til þess að lagt verði nægjanlegt fjármagn í vegakerfið hér á landi til að mæta þeim markmiðum sem sett eru fram í umferðaröryggisáætluninni.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri